

## Hverfisnefnd Oddeyrar

### 34. fundur

Hverfisnefnd Oddeyrar kom saman til fundar í Oddeyrarskóla þriðjudaginn 24. október 2007 kl. 17:00, mætt voru Auður, Jónsi og Steinþór.

1. Formanni nefndarinnar barst tillaga að deiliskipulagi hafnarsvæðis sunnan Glerár frá skipulagsstjóra Akureyrarbæjar. Nefndin fagnar því að fá þessa skipulagstillögu í hendurnar og það lofar góðu. Þetta framtak bæjarins vakti mikla ánægju nefndarmanna sem kynntu sér hana og höfðu ekkert út á hana að setja. En spurningin er hvort ekki sé tímabært að skoða hvort betra sé að hafa á þessu hafnarsvæði íbúabyggð en atvinnu- og iðnaðarsvæði. Eimskipabryggjan fer að verða komin á endurnýjunartíma og hvað á þá að gera?
2. Breytingu á tengingu Laufásgötu og Hjalteyrargötu er fagnað þar sem eðlilegast er að halda þungaumferð utan við íbúabyggðina. Með þessari breytingu er verið að innlima reiti 2.11.17A og B (Kelduhverfið) í hverfið og því gott að hugsa til þess að endurskipuleggja þá með tilliti til íbúabyggðar. Það væri hægt að hafa þjónustusvæði sunnan Gránufélagsgötu en íbúabyggð á restinni ef reitunum, bráðvantar 4-5 herbergja einbýlishúsalóðir á Eyrinni.
3. Gatnamótin við Grænugötu og Glerárgötu eru forgangsverkefni og til að koma því til skila er best að fara á fund bæjarfulltrúa og er stefnt að því að gera það við næsta tækifæri. Um leið og gatnamótunum verður breytt þarf að huga að bílastæðamálum í Grænugötu, betra væri að leggja að norðan og færa alla götuna til suðurs, þannig lagast bílastæðin og eru sömu megin og íbúðirnar.

Fundi slitið og fleira ekki rætt